

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. september 2020

Tilvísun: 2020010451/PHH

Efni: Rafræn vöktun sendiráðs Kína

Persónuvernd vill vekja athygli utanríkisráðuneytisins á ábendingu sem barst stofnuninni um rafræna vöktun á vegum sendiráðs Kína, við húsakynni þess að Bríetartúni 1, 105 Reykjavík. Umrædd ábending lýtur að umfangi vöktunarinnar. Er þar vísað til þess að myndvélar á vegum ráðuneytisins vakti svæði sem fari verulega út fyrir lóðamörk sendiráðsins og nái þannig yfir óþarflega víðtækt svæði. Vöktunin kunni þar með að brjóta gegn ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.


Svo að rafræn vöktun sé heimil verður að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2018. Þar er kveðið á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Einnig verður meðal annars að gæta að því við rafræna vöktun, sem fram fer á almannafæri, að með merki eða á annan áberandi hátt sé gert glögglega viðvart um vöktunina og hver sé ábyrgðaradili, sbr. 4. mgr. 14. gr. laganna.

Að auki þarf ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. rafræna vöktun, að fylgja öllum meginreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Í því felst meðal annars að vinnsla persónuupplýsinga skal vera lögmæt, sanngjörn og gagnsæ gagnvart hinum skráða og að persónuupplýsingar sem unnið er með skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu.

Eins og fram kemur hér að ofan er uppi grunur um að umrædd vöktun sé ekki í samræmi við ofangreindar meginreglur. Er hér sér í lagi átt við myndavélar sem festar eru efst á húsnæðið og beint er frá því.

Í ljósi reglna um úrlendisrétt er það mat Persónuverndar að stofnunin geti ekki aðhafst frekar í málinu. Stofnunin fer þess þó á leit við ráðuneytið að það komi á framfæri við sendiherra Kína á Íslandi þeim athugasemdum sem koma fram í bréfi þessu.

F.h. Persónuverndar



Helga Þórisdóttir



Þórður Sveinsson